

**Ed.**

**599. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 94 23. júní 1936, um fræðslu barna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

**1. gr.**

Aftan við bráðabirgðaákvæði laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Meðan núverandi ófriður í Norðurálfu varir, skal kennslumálaráðherra heimilt, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, að sameina fámenn skólahverfi um einn og sama kennara, þar sem því verður við komið. Ennfremur er ráðherra heimilt að ákveða, að fjölga skuli kennslustundum í islenzku, taka upp og auka vinnu- og íþróttakennslu, en minnka að sama skapi kennslu í öðrum bóklegum fræðigreinum.

Heimilt er ráðherra að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara mála í reglugerð.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.